Samþykkt þann
21 MARS 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson




GRUNNMYND EFRI HÆÐAR, 1:100



AFSTÖÐUMYND, 1:500




SNEIÐMYND A–A 1:100




GRUNNMYND NEÐRI HÆÐAR, 1:100

**BYGGINGARLÝSING;**
Aðkoma að húsinu er inn á efri hæð. Komið er inn í stórt anddyri með fataskápum og þar er gengt inn í bílskúr, vinnuherbergi, salerni og íbúðina. Komið er inn úr anddyri í gang þar sem stigi er á hægri hönd og eldhús beint á móti. Þá er gengið inn í stóra stofu með aflokuðu sjónvarpsholi. Stór gluggi er á allri austurhlið stofunnar.
Úr eldhúsi er renni hurð út á verönd sem afgirt verður að hluta með hertu gleri og þaðan er gengt út í garð.
Niðri eru herbergi bað og þvottahús. Hægt er að ganga út í garðinn úr baðherbergi, svefnherbergi og gangi sunnan megin, og úr þvottahúsi til norðurs. Stórir skápar eru milli gangs og þvottahúss sem hægt er að opna á báða vegu. Húsið er steypt í svokölluð varmamót, sem eru einangruð að innan og að utan. Milligólf og þakplata eru staðsteypt Að utan verða útveggir pússaðir og málaðir í ljósum lit. Útveggir efri hæðar verða klæddir harðviðarklæðningu, þó ekki bílskúrinn og skyggni til suðursm, sem hefur sömu ljósu áferð og neðri hæð.
Gluggar verða ál/timburgluggar í gráum lit og verða settir í og frágengnir eftir uppsteypu.
Frágangur þaks er svokallað viðsnúið þak. Á steypta plötuna eru soðin tvö lög af pappa þá einangrað með 180-200mm vatnsþolinni plasteinangrun og loks farg efst (sjávarmöl, torf, mosi og eða hellur). Þakkantar eru með álflasningum í sama lit og gluggar.
Að innan verða milliveggir blautrýma hlaðnir og pússaðir en aðrir veggir gifsveggir, spartlaðir og málaðir.
Útveggir verða og pússaðir og málaðir á hefðbundinn hátt þar sem það á við, en harðviður á lektum með tilhlýðilegri loftun verður á efrihæð hússins. Sökklar verða einangraðir að innanverðu með 100 mm plasteinagrun.
Gólf verða lögð varanlegum gólfefnum (flísar og parket). Botnplata verður einangruð með 100 mm plasteinangrun. Stigi verður staðsteyptur með handriði úr hertu gleri.
Hitakerfi verður hefðbundið með gólf-hita og ofnum að hluta.
Raflagnakerfi verður hefðbundið. Lýsing verður að hluta innfelld í þar til gerðum innsteyptum boxum.

**LÓÐ;**
Vestanmegin, aðkomumegin húss verður hellulagt plan og stétt fyrir framan húsið. Halli verður frá bílskúrað að götu . Hiti verður að hluta til í stéttinni. Sorp verður á norðvesturhorni bílskurs í steyptum skjólvegg með loki á. Stakur skjólveggur verður sunnan megin á lóð og er reiknað með að fánastöng sé áföst þeim vegg. Norðanmegin húss verður gras í hallandi landi sem aðlagar sig frá vestri að lóð austanmegin. Æskilegt er að gera þetta í samráði við nágranna í húsi nr. C. Sunnanmegin húss er pallur eða verönd sem gengt er út á úr borðstofu og eldhúsi. Veröndin er staðsteypt og er á steyptum stoðveggjum frá neðri hæð hússins. Handrið út stáli og gleri er við kant og er trappa sunnar í lóðinni sem greiðir aðgang niður fyrir húsið. Þar er gengt undir pallinn efra og myndar gott skjól við pott sem þar er, sá verður með tryggu loki.
Reiknað er með lágum harðgerðum gróðri við lóðarmörk.
Opið er undir bílskúr við norðurgafl hússins og er það hugsað sem leiksvæði.

Brunavarnir:
Brunavarnir verða skv. byggingareglugerð.
Í bílskúr er slökkvitæki og reykskynjari og eldvarnarhurð (EI-CS30) aðskilur íbúð og bílskúr.
Veggir sem skilja að rýmin tvö eru EI-60
Anddyri verður aflokað frá íbúð með rennihurð, vegna opnunar úr anddyrinu inn í bílgeymslu.
Flóttaleiðir eru úr öllum rýmum hússins og eru gluggalaus herbergi loftræst og með reykskynjara.

**Skýringar;**
- BO **Táknar björgunarop samkvæmt reglugerð um brunavarnir og brunamál.**
- R **Reykskinjari**
- S **Slökkvitæki, staðsetjist í samráði við slökkvilið.**

SKÓGARÁS A.
HAFNARFIRÐI.

| | |
|---|---|
| Landnúmer : | 207288 |
| Þjóðskrárnúmer : | 7610-0001 |
| Birt flatarmál: | 286,2 m2 |
| Brúttó rúmmál: | 906,9 m3 |
| Lóðarstærð : | 636,0 m2 |
| Nýtingarhlutfall: | 286,2 / 636,0 = 0,45 |

KÓLNUNARTÖLUR BYGGINGAR:

| | |
|---|---|
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Gluggar | 2.0 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Útveggir, veglð meðaltal: | 0.85 W/m2K |

A–breyting :
Búið er að hækka efstu brún húss úr kóta 101,6 í kóta 102,2.
Frágengin gólfplata á efri hæð hækkar úr 98,00 í 98,20 og plata á neðri hæð lækkar úr 95,30 í 95,20.
Húsið fært að byggingarlínu til norðurs.
Bílskúr minkar, sorp flyst. Smávægilegar breytingar á innra skipulagi.
Skránignartafla breytist í samræmi.

| BREYTINGAR: | DAGS: |
|---|---|
| C: | |
| B: | |
| A: Sjá skýringar A–breyting – að ofan. | 12.03.2007 |

AÐALUPPDRÁTTUR

SKÓGARÁS A. 220 HAFNARFIRÐI.

VERK:
KVARÐI: 1:500/1:100
DAGS: 07.02.2007
AFSTÖÐUMYND TEIKN:
GRUNNMYNDIR OG SNIÐ SKRÁ:


ÚTI INNI
ARKITEKTAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 552 7660 & 562 7660 FAX 552 7661
NETFANG uti.inni@centrum.is
VEFFANG www.centrum.is/uti.inni
BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FAÍ
120357–5149
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FAÍ
021256–7579


A

A-100